

Nd.

238. Frumvarp

til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum.

Flm.: Gisli Sveinsson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Verzlunarskuldir, þ. e. skuldir, sem stafa af úttekt í búðum og verzlunum, fyrnast á 2 árum, og eins þótt þær séu viðurkenndar og samningur um þær gerður, eða viðskiptum haldið áfram milli kaupanda og seljanda.

Fyrningarfrestur telst frá áramótum næstu á eftir að verzlunarskuld var stofnuð.

2. gr.

Bannað er að reikna vexti af skuldum þeim, er 1. gr. ræðir um, og er samningur um vaxtatöku af þeim ógildur.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda einnig um þær verzlunarskuldir, eða kröfur út af skuldum fyrir úttekt, sem þegar eru stofnaðar, nema seljandi og kaupandi hafi gert upp viðskipti sín og samið um þau skriflega fyrir 1. janúar 1936, en eigi má þó reikna eða semja um vexti af þeim skuldum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1935, og eru frá sama tíma úr gildi felld ákvæði laga nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, að því er tekur til verzlunarskulda, svo og ákvæði 38. gr. laga nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup, er snerta vexti af verzlunarskuldum.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á aukabæturinnu í fyrra, og var þá í greinargerð við það komizt svo að orði: „Verzlunarskuldirnar eru orðnar þjóðarból. Nú má gera ráð fyrir, að hreinsað verði að nokkru til um skuldir bænda með tilstyrk Kreppulánasjóðs, og er þá hin mesta nauðsyn að láta ekki fara í sama farið aftur, heldur reisa nokkrar skorður við því. Að því miðar þetta frv.“ — — — Þessi rök eru enn í fullu gildi, enda hefir málið síðan hlotið stuðning manna viðsvegar um landið og almennur bændafundur í Rvík á síðastl. vetri hallaðist eindregið að frv., með þeirri breytingu einni, að fyrningartíminn yrði tvö ár í stað eins, svo sem nú er lagt til að verði.

Af framkvæmd þessa máls ætti það að fljóta sem óhjákvæmilegt atriði, að hafizt yrði í alvöru handa um stofnun rekstrarlánafélaga úti um héruðin, svo að viðskipti almennings verði rekin á heilbrigðum grundvelli, sem mjög hefir skort á undanfarna áratugi.

Nánar í framsögu.